



Reglugerð um fjárhagsnefnd

breytt 7.5.2020

1. grein

Fjárhagsnefnd er skipuð fimm einstaklingum. Í nefndinni skulu sitja formaður og gjaldkeri KKÍ. Formaður nefndarinnar er formaður KKÍ. Aðrir nefndarmenn eru skipaðir af stjórn KKÍ.

2. grein

Fjárhagsnefnd hefur umsjón með fjármálum KKÍ ásamt stjórn og framkvæmdastjóra KKÍ.

3. grein

Fjárhagsnefnd gerir tillögu að fjárhagsáætlun til stjórnar KKÍ.

4. grein

Fjárhagsnefnd annast eftirlit og skoðar reglulega framgang fjárhagsáætlunar.

5. grein

Fjárhagsnefnd vinnur að því að styrkja fjárhag KKÍ og aðstoðar við fjármögnun á starfsemi KKÍ.